

Fundur 6.1.2025 Hjalti Þór Ísleifsson.

Komið þið öll blessuð og sæl.

*Já velkominn.*

Ég þakka fyrir þann sem talaði hér á undan mér, hann hjálpar mér við að komast í sambandið.

Ég átti erfitt eftir að ég skildi við og það er myrkur sem fylgir okkur sem tökum okkar líf og hef ég því ekki getað komist í gegn, en með góðri hjálp tókst mér að stíga upp úr því.

Og sýndi ég vissulega frumkvæði í því að stofna þessi samtök sem hann félagi minn minntist á.

Ég veit að margir ganga í gegnum svipaða erfiðleika og ég, og vil ég því benda á að hættan er til staðar hjá svo mörgum.

En ég var næstum því í eitt ár í þunglyndi hér eftir brotthvarfið, en um leið og ég hresstist kom hugmyndin og við komum saman.

Og eru þessi samtök farin að hjálpa okkur, og margir okkar höfðu náð árangri í þjóðfélaginu, áður en ég kom að máli við þá.

Og Eiríkur Hamall einn af þeim.

Kom Ólafur hingað á þennan hnött á eftir mér, en hef ég haft gott samband við hann einnig.

Ég er ekki viss um að ég geti nefnt nafn mitt, sambandið þarf að verða betra, en móðir mín heitir Heiður.

Og er ég strax farinn að nota hæfileika mína hér í framlífi, en á þó eftir að komast út úr, ná fullum styrk aftur.

*Ekki ert þú tónlistarmaður ?*

Nei stærðfræðingur.

Já varst þú í Sviss þegar þú ?

Já.

*Það er nýbúið að vera í fréttunum um sjóðinn sem var stofnaður til heiðurs þér.*

Já, ég þakka henni fyrir það og það hjálpaði mér að koma fram.

*Já já já.*

Allur að hressast hér í framlífi og gleður það mig að tala við ykkur.

*Er móðir þín lifandi ?*

Já hún er hjá ykkur.

*Hún var í sjónvarpinu í gær eða fyrradag, hún sagði að þú hafir verið fullkomnunarsinni.*

Já það er eitt af því sem er erfitt og þarf að hafa í hófi og hef lært það hér í framlífi.

Og er enn að.

*Ert þú þá með einhver skilaboð til móður þinnar ?*

Ég bara elska hana og þakka fyrir allt og ég er svo innilega þakklátur fyrir að hún hefur notað þetta til góðs.

Og kannski trúir hún ekki að ég sé á lífi, en kannski kemur sú trú með tímanum.

Ég get ekki talað meira að sinni, vonandi kemst ég síðar í sambandið.

Verið þið sæl.

*Sæll vertu og gangi þér vel.*